

Borgarráð

Samkomulag vegna niðurstöðu kærunefndar jafnréttismála nr. 2/2018.

Lagt er til að borgarráð samþykki hjálagt samkomulag vegna úrskurðar kærunefndar jafnréttismála nr. 2/2018.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:

Samkomulag vegna úrskurðar kærunefndar jafnréttismála nr. 2/2018, dags. 2. júlí 2018.

SAMKOMULAG

Reykjavíkurborg, annars vegar og Ástráður Haraldsson (ÁH) hins vegar gera með sér eftirfarandi samkomulag:

1. gr.

Þann 17. júní 2017 sótti ÁH um embætti borgarlögmanns, en skv. ákvörðun borgarráðs hinn 10. ágúst s.á. var annar umsækjandi ráðinn í starfið. Af því tilefni leitaði ÁH til kærunefndar jafnréttismála sem í úrskurði hinn 2. júlí 2018, í máli nr. 2/2018, komst að þeirri niðurstöðu að brotið hafi verið gegn ákvæðum laga nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla við ráðningu í embættið.

2. gr.

Af framangreindu tilefni gera aðilar með sér samkomulag um að Reykjavíkurborg greiði ÁH kr. 3.000.000 – þrjár milljónir króna- sem greiðast skulu eigi síðar en hinn 21. janúar 2019, inn á reikning ÁH, skv. nánari tilgreiningu. Aðilar lýsa því yfir, að efndu þessu samkomulagi, að um fullnaðaruppgjör er að ræða á hvers kyns kröfum ÁH á hendur Reykjavíkurborg, hvaða nafni sem nefnast, þ.m.t. fjár- eða miskabótakröfum, og á kostnaði, sem rekja má til atvika sem lýst er í 1. gr. hér að framan.

3. gr.

Samkomulag þetta felur ekki í sér viðurkenningu af hálfu Reykjavíkurborgar á sérstakri skaða- eða miskabótaskyldu vegna þeirra atvika sem um ræðir. Í samkomulagi þessu felst þó að niðurstaða kærunefndar jafnréttismála verður ekki undir dómstóla borin.

4. gr.

Öllu framangreindu til staðfestingar rita aðilar nöfn sín undir samkomulag þetta.

Reykjavík, janúar 2019

f.h. Reykjavíkurborgar

Ástráður Haraldsson